
ÞJÓÐVILJINN

Miðvikudagur 17. desember 1980

Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudaga. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum símum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Aðalsími 81333 | Kvöldsími 81348 | Helgarsími afgreiðslu 81663



Sýning Borgarskipulagsins að Kjarvalsstöðum um

Skipulag Grjótaþorps

Eins og Davíð og Sjöfn vildu hafa hana

Sýning Borgarskipulags Reykjavíkur á nýrri skipulagstillögu að Grjótaþorpi hófst í gær að Kjarvalsstöðum. Eins og sagt var frá í Þjóðviljanum fyrir helgi setti stjórn Kjarvalsstaða Borgarskipulaginu stólinn fyrir dyrnar og „ritskoðaði" sýninguna, þannig að úthýst var tillögum nemenda í arkitektúr og litabók Gylfa Gíslasonar um Grjótaþorpið. Þar af leiðir að sýningin gefur enga mynd af þróun hugmynda um skipulag Grjótaþorpsins svo sem ætlunin var.

Sigurður Harðarson formaður Skipulagsnefndar Reykjavíkur flutti ávarp við opnun sýningarinnar og sagði þá meðal annars að sú tillaga sem sýnd er að Kjarvalsstöðum sé hin fyrsta sem hefur verndun þorpsins að leiðarljósi. Ætlun þeirra sem standa að sýningunni er að kynna tillöguna og leita viðbragða, fyrsti áfangi áður en framkvæmdir hefjast.

Meðan á sýningunni stendur verða fluttir tveir fyrirlestrar, hinn fyrri um sögu húsa í Grjótaþorpinu og er Nanna Hermannsson höfundur hans, hinn síðari fjallar um sögu skipulags í Grjótaþorpi og sér Hjörleifur Stefánsson arkitekt um hann.

Sigurður vék að skilyrðum þeim sem Borgarskipulaginu voru sett og sagði að stjórn Kjarvalsstaða hefði með ákvörðun sinni tekið að sér að skilgreina verkefni Borgarskipulagsins. Ákveðið var í framhaldi af „ritskoðuninni" að sýna verk arkitektanemanna í sal Arkitektafélags Íslands við Freyjugötu og þar eru einnig eldri skipulagstillögur.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er í ganginum inn af kaffistofunni og stendur fram í miðjan janúar.

—ká

Mikið um árekstra

Veðrið er rysjótt hér í Reykjavík þessa dagana og skiptast á skin og skúrir, jafnframt vetrarmyrkri. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar var óvenju mikið um árekstra í borginni í gær og er orsakanna að leita til slæmra aksturskilyrða og þess að ökumenn fara ekki nógu varlega. Nú er framundan mikill umferðarþungi fram að jólum og verður aldrei nógu vel brýnt fyrir fólki að fara varlega svo að jólin verði ekki haldin í rúminu eða inni á spítala.

Viðbárur aðstoðarforstjóra Alusuisse:



Á fundinum með iðnaðarráðherra í gær voru þeir Ingi R. Helgason, annar af fulltrúum ríkisins í stjórn ÍSAL, Finnbogi Jónsson, starfsmaður iðnaðarráðuneytisins og Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri. Hér glugga þeir fyrrnefndu í hin viðamiklu plögg sem lögð voru fram á fundinum. Hinn fulltrúi ríkisins í stjórn ÍSAL er Þorsteinn Ólafsson hjá Sambandinu. Ljósm. eik.

„Eru ekki trúverðugar við fyrstu sýn"

— sagði Hjörleifur Guttormsson iðnaðarráðherra á fundi með fréttamönnum

„Einn af aðstoðarforstjórum Alusuisse hefur gefið ríkisstjórninni munnlegar skýringar í sambandi við óeðlilega hátt súrálsverð frá Ástralíu", sagði Hjörleifur Guttormsson iðnaðarráðherra á blaðamannafundinum í gær. „Ég vil ekki hér vera að gefa þessum skýringum einkunnir, en verð þó að segja að við fyrstu sýn virðast þær ekki trúverðugar eins og þær eru frambornar, enda þótt gagngerða athugun verði að sjálfsögðu að gera á því hvað talist geti marktækar viðbárur í þessu máli".

Í frétt iðnaðarráðuneytisins kemur fram að ríkisstjórn Íslands hafi kynnt Alusuisse mál þetta með formlegum hætti og gefið Alusuisse kost á, að koma á framfæri upplýsingum og skýringum áður en málið væri kynnt Alþingi og almenningi. Einn af varaforstjórum Alusuisse kom til Íslands í þessu skyni fyrir helgina, og voru helstu svör hans þau, að inn í útflutningsverðið frá Ástralíu vantaði hluta af kostnaði við fjárfestingu Alusuisse þar og að Alusuisse greiddi talsverðar fjárhæðir til framleiðslufyrirtækjanna í Ástralíu á hverju ári vegna kostnaðarhækkana og kæmu þær fjárhæðir ekki fram í útflutningsverði hagskýrslnanna. Staðhæfði hann og að súrálsverðið til ÍSAL væri og hefði ávallt verið í samræmi við viðskipti milli óskyldra aðila.

Er nánar var á fundinum gengið á iðnaðarráðherra sagði hann að sú viðbára að verulegur hluti af fjárfestingum Alusuisse í Ástralíu sé borinn uppi af fyrirtæki utan móðurlandsins stangaðist á við það sem gert hefði verið ráð fyrir í viðskiptum af þessu tagi. Þá stangaðist sú staðhæfing að súrálsverðið hefði alltaf verið í samræmi við viðskipti milli óskyldra aðila á við niðurstöður endurskoðunarinnar 1975 fyrir árið 1974 en þá hefði komið í ljós að súrálsviðskiptin voru ekki í samræmi við ákvæði aðalsamnings Alusuisse og ríkisins.

Í framhaldi af því fóru fram viðræður um breytingar á skattgreiðslum og raforkuverði og fékkst niðurstaða í því í desember 1975. Í stað þess að lækka hækkaði t.d. raforkuverð í þrepum úr 3 í 6.5 mills og var tengt þróun heimsmarkaðsverðs á áli. Í raun hefur þó álverð staðið í stað á föstu verðlagi vegna þess hve dollarinn hefur fallið í verði á síðustu 5 árum.

Aðspurður að því hversvegna ekki hefði farið fram árleg endurskoðun á viðskiptum við Alusuisse sagði iðnaðarráðherra að væntanlega hefði verið gert ráð fyrir að fyrirtækið breytti um stefnu, í þeirri góðu trú hefðu Íslendingar staðið í viðskiptum sínum við þetta fyrirtæki. En þessi reynsla sem nú væri fengin hvetti vissulega til varkárni og stjórnvöld áskildu sér allan rétt í þessum efnum í framtíðinni, enda þótt ekki væri gengið út frá því að slík endurskoðun þyrfti að vera regla í viðskiptum.

—ekh

Forsprakki nýnasista sækir um hæli hér

Skipulagðar aðgerðir í París gegn Gervasoni?

Í gærmorgun gekk Marc nokkur Frederiksen inn í sendiráð Íslands í París þeirra erinda að kynna sér möguleika á að sækja um hæli á Íslandi sem pólitískur flóttamaður. Hann sagðist ekki hafa vegabréf og sennilega ekki geta aflað sér þess.

Sendiráðsmenn tóku manninum kurteislega, en rétt í þann mund sem hann fór sagði hann til nafns og könnuðust menn þá þegar við hann. Marc þessi Frederiksen er einn af forsprökkum nýnasistahreyfingarinnar FANE („Samband um þjóðlega evrópska athöfn") og ritstjóri málgagns hennar Notre Europe. FANE kom mjög við sögu í sumar er leið þegar því var ljóstrað upp að menn úr hreyfingunni hefðu komið sér fyrir í vissum deildum lögreglunnar frönsku, og væru viðriðnir sprengjutilræðið í Bologna á Ítalíu þar sem um 80 manns létu lífið í ágúst sl. og sprengingu við samkunduhús Gyðinga í Rue Copernic í París í haust. Minnstu munaði að það tilræði leiddi til meiri háttar blóðbaðs.

„Marc Fredericsen hefur fengið dóm vegna pólitísks athæfis" og er alræmdur í Frakklandi að sögn Berglindar Ásgeirsdóttur í utanríkisráðuneytinu. Berglind sagði að ráðuneytið hefði látið dómsmálaráðuneytið vita af erindi mannsins þegar í stað og það væri í þess valdi að ákveða hvernig honum verður svarað.

Berglind var að því spurð hvort mikið hefði verið fjallað um Gervasonimálið í frönskum fjölmiðlum, en það gefur auga leið að bæði sendiráðsheimsóknin í lok nóvember og þessi beiðni nasistans eru sprottin af því máli. Berglind sagði að samkvæmt upplýsingum sendiráðsins í París hefði nokkuð verið sagt frá Gervasonimálinu í blöðum í Frakklandi og einnig hefði franska sjónvarpið sagt frá því í fréttum.

Það vekur athygli að áðurnefndir atburðir í íslenska sendiráðinu í París gerast á mjög viðkvæmum augnablikum Gervasonimálsins, rétt í þann mund sem á að senda hann úr landi, bæði í byrjun desember og nú í fyrradag, hvað sem því veldur. Sú spurning vaknar hvort um skipulagðar aðgerðir sé að ræða, til þess ætlaðar að skaða málstað Gervasoni?

(Upplýsingar um Frederiksen eru fengnar úr Spiegel).

—ká

Duldar áfengisauglýsingar

„Samkvæmt lögum er óheimilt að auglýsa áfengi opinberlega. Þessi lagaákvæði hafa verið virk og ekki nema einstök undantekningatilfelli komið til. Hins vegar eru óbeinar auglýsingar og áfengiskynningar erfiðari viðfangs. Nokkur slík mál hafa þó komið upp og eru í athugun hjá embætti lögreglustjóra í Reykjavík um þessar mundir", sagði Friðjón Þórðarson í svari við fyrirspurn frá Helga Seljan um duldar áfengisauglýsingar.

Helgi varaði við þeirri þróun sem átt hefur séð stað uppá síðkastið að áfengisauglýsingum hefur í sífellu verið laumað inn bakdyramegin í fjölmiðlum eins og hann orðaði það og átti þar sjálfsagt við vinprufur og kynningu ritstjóra Dagblaðsins.

Bensínhækkun frestað

Verðlagsráð hefur heimilað hækkun bensínsgjalds úr 515 kr. í 595 kr. lítrann. Á fundi ríkisstjórnarinnar í gær var bensínhækkunin ekki til umræðu og óvíst er hvort hún eða aðrar hækkanir sem verðlagsráð hefur samþykkt verði afgreiddar á næsta ríkisstjornarfundi, sem verður haldinn á morgun.

Fyrir ríkisstjórninni liggja allmargar hækkanir sem verðlagsráð hefur veitt samþykki fyrir. Meðal þeirra eru 9% hækkun á verði sements og steypu og 15—18% hækkun á unnum kjötvörum.

— eös.

Leikaradeilan:

Samúðarverkfall leikstjóra

Félag íslenskra leikstjóra hefur nú lýst yfir samúðarverkfalli með verkfalli og vinnudeilu Félags íslenskra leikara við ríkisútvarpið.

Erlingur Gíslason formaður Félags leikstjóra sagði í samtali við Þjóðviljann í gær að félagið hefði fyrir skömmu aflað sér verkfallsheimildar vegna erfiðleika við samninga og væri hún nú fyrst notuð til samúðarverkfalls. Ástæðan væri sú, að þó að samningar hafi tekist við hljóðvarpið hefur ekki verið svo mikið sem kallað til fundar með sjónvarpsmönnum. Samúðarverkfallið hefst 21. des. á afmælisdegi sjónvarpsins. „Þetta er köld afmæliskveðja" sagði Erlingur, „en stefna sjónvarpsins er menningarfjandsamleg íslenskri leiklist, verkum fer fækkandi og það er ekki staðið við lágmarkskvóta.

Ef til vill dugar ekkert minna en að alþingi grípi inn í ef málið á að leysast. Við erum með samúðarverkfallinu að lýsa stuðningi við langt og erfitt stríð sem leikarar hafa háð.

— ká.

Bílstjórar og kokkar sömdu

Í gærmorgun tókust kjarasamningar við bílstjóra á Suðurlandi og í Borgarnesi. Síðasti sáttafundur í deilunni var 17 klst. langur. Verkfalli bílstjóra, sem átti að hefjast á miðnætti síðastliðnu, hefur því verið aflýst. Í fyrrinótt tókust einnig samningar við matsveina á kaupskipum.

Þessir kjarasamningar eru mjög svipaðir þeim samningum sem ýmsar starfsstéttir hafa náð að undanförnu.

Undirmenn á kaupskipum sátu á 18 klst. löngum samningafundi í fyrradag og í gær hófst fundur með þeim að nýju kl. 14.

Sáttafundi með afgreiðslumönnum á bensínstöðvum lauk í fyrrakvöld. Fundurinn varð árangurslaus og nýr fundur hefur ekki verið boðaður.

Næsti fundur með starfsfólki ríkisverksmiðjanna verður hjá sáttasemjara á föstudag. — eös.